



## Tímabundið starf forstöðumanns í lðju Sauðárkróki

Vilt þú vera hluti af öfluglu stjórnendateymi í félagsþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar? Vegna forfalla er auglýst tímabundin afleysing forstöðumanns. Möguleiki á framlengingu ráðningar eftir aðstæðum.

Leitað er að metnaðarfullum, ábyrgðarfullum og áhugasömum einstaklingi sem vill leiða og þróa þjónustu og starfsemi, með jákvæðum hætti, stilla saman strengi starfsmanna og aðstandenda og vera tilbúinn til að vinna í teyllum með öðrum sérfræðingum félagsþjónustunnar. Áhersla er lögð á að íbúum líði vel í þægilegu og öruggu umhverfi.

- Starfstími:** 13. desember til 31. janúar 2021, með möguleika á áframhaldandi starfi.
- Starfshlutfall:** 100% starfshlutfall.
- Lýsing á starfinu:** Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð, rekstri og samhæfingu starfsemi stofnunar. Forstöðumaður ber ábyrgð á þjónustueiningu, innra starfi, starfsmannamálum, rekstri og samskiptum við aðstandendur og samstarfsaðila. Hann ber einnig ábyrgð á starfs-, þjónustu- og rekstraráætlunum einingar og veitir leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.
- Menntunarkröfur:** Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar eða mennta- og félagsvísinda.
- Hæfniskröfur:** Reynsla og þekking í faglegri og rekstrarlegri stjórnun, áætlanagerð, rekstri, starfsmannahaldi og daglegri stjórnun er æskileg. Viðkomandi þarf að hafa góða vitund fyrir sjálfum sér, ríka ábyrgðartilfinningu, sýna virðingu og hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, vera tilbúinn til að tileinka sér nýjar hugmyndir og hafa metnað í starfi. Hreint sakavottorð er skilyrði.
- Launakjör:** Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
- Umsóknarfrestur:** **Er til og með 8. desember 2021**
- Nánari upplýsingar:** Gréta Sjöfn Guðmundsd., félagsmálastjóri, gretasjofn@skagafjordur.is, 455-6000.
- Umsóknir:** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess. Afrit af prófskírteinum þurfa að fylgja umsókn. Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skila í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.